

Reglugjörð

um

viðauka við reglugjörð um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitarstjórnnum, dagsetta 17. maí 1902.

Auk stjórnarvalda þeirra, er talin eru í 1. gr. reglugjörðar 17. maí 1902 um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitarstjórnnum, skulu

forstjóri landssímanna og

forstjórar landssímastöðvanna á Akureyri og Seyðisfirði

taldir meðal stjórnarvalda þeirra, er getur um í 11. gr. a, 1, og 12. gr., sbr. 14. gr. í póstlögunum frá 13. septbr. 1901.

Í stjórnarráði Íslands, 3. október 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

fyrir

búnaðarskóla á Eiðum.

1. grein.

Tilgangur skólans er að veita ungum mönnum þekkingu í jarðrækt, einkum verklega, og vekja yfirhöfuð áhuga á allskonar framförum í búnaði.

2. grein.

Til skólans er lagt gjald það úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sem samkvæmt lögum 4. júní 1898 á að ganga til búnaðarskóla, og allur annar styrkur af almannaþje, er veittur verður skólanum.

3. grein.

Skólinn stendur undir umsjón Múlasýslnanna. Sameinaður sýslufundur felur öðrum hvorum oddvita sínum úrskurðarvald á reikningum skólans um 3 ár í senn.